

**START**

Starfshópur um  
rekstrartruflanir



## KOSTNAÐUR RAFORKUSKORTS VEGNA FYRIRVARALÁUSRA TRUFLANA

Tölur til notkunar árin 2025, 2026, 2027 og 2028

15.10.2025





# START

Starfshópur um  
rekstrartruflanir

## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

3350-003-SKY-013-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

63

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Benedikt Einarsson, Veitur

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ingvar Júlíus Baldursson

### LYKILORÐ

Ísland, raforkunotkun,  
skortkostnaður

### STAÐA SKÝRSLU

- Drög  
 Drög til yfirlstrar  
 Lokið

### DREIFING

- Opin  
 Dreifing með leyfi verkkaupa  
 Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Kostnaður raforkuskorts vegna fyrirvaralausra truflana: Tölur til notkunar árin 2025, 2026, 2027 og 2028

### VERKHEITI

START, kostnaður vegna skorts

### VERKKAUPI

START

### HÖFUNDUR

Guðmundur Sigfinnsson

### ÚTDRÁTTUR

Í þessari skýrslu eru uppfærðar tölur um kostnað vegna rafmagnsleysis miðað við árið 2024, byggt á gögnum um skerta raforku vegna fyrirvaralausra truflana, kostnaðarföllum mismunandi notkunarflokka raforku, vinnsluvirði atvinnugreina það ár og tölum um raforkunotkun.

# START

Starfshópur um  
rekstrartruflanir

---

© 2025, Starfshópur um rekstrartruflanir

ISSN 1670-7613

ISBN 978-9935-9815-4-7

3350-003-04-SKY-013-V01-Kostnaður vegna skorts fyrir árið 2024.docx

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)

# START

Starfshópur um  
rekstrartruflanir

---

## ÚTGÁFUSAGA

---

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Guðmundur Sigfinnsson	09.10.25	Kolbrún Reinholdsdóttir	14.10.25	Guðmundur Sigfinnsson	15.10.25

---

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [www.efla.is](http://www.efla.is)



## SAMANTEKT

Nánast öll starfsemi í nútímaþjóðfélagi byggir á raforku og truflanir á raforkuafhendingu leiða því af sér kostnað hjá atvinnufyrirtækjum þar sem starfsemi þeirra leggst að mestu niður á meðan rafmagnslaust er. Á heimilum verður fólk fyrir óþægindum þar sem slíkt truflar heimilis- og tómstundastörf. Hér á landi er það fremur sjaldgæft að notendur verði fyrir rafmagnsleysi en á undanförunum árum hafa notendur að meðaltali verið straumlausir í einn til þrjá tíma á ári sem er einungis um 0,01-0,03% af árinu. Auka má öryggi raforkuafhendingar með að styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku en aldrei er hægt að tryggja afhendinguna fullkomlega sama hve miklir fjármunir eru lagðir í kerfið.

Í þessari skýrslu eru uppfærðar tölur um kostnað vegna truflunar á raforkuafhendingu miðað við árið 2024 og þá byggt á gögnum um vinnsluvirði atvinnugreina það ár og tölum um raforkunotkun. Byggt er á könnunum START hópsins, sem framkvæmdar voru annars vegar árið 2020 yfir kostnað heimila og stórnotenda vegna raforkuskorts og hins vegar kannanir frá 2021 yfir kostnað vegna raforkuskorts meðal mismunandi atvinnugreina. Tölurnar eru framreiknaðar til ársins 2025 út frá vísitölu neysluverðs og svo miðað við hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árin 2026-2028. Raforkunotendum er skipt niður í meginflokka og kostnaður sýndur fyrir hvern flokk fyrir sig auk þess sem hann er sýndur fyrir mislangt straumleysi. Kostnaðurinn er sýndur í hlutfalli við skerta orkuafhendingu og eru tölur á verðlagi hvers árs, sjá kafla 4. Að meðaltali er kostnaður við einnar stundar rafmagnsleysi hjá almennum notendum rúmlega hundraðfalt heildarrafmagnsverðið, þ.e. kaup á orku og greiðslur fyrir flutning- og dreifingu hennar.

Í kafla 5 eru sýnd nokkur dæmi um kostnað vegna rafmagnsleysis samkvæmt þeim tillögum sem fram koma í þessari skýrslu. Þar kemur fram að ef rafmagn fer af landinu öllu í eina klukkustund hefði slíkt kostað um 1.175 m.kr. að meðaltali á árinu 2024. Ef slík truflun hefði komið um hávetur þegar atvinnulífið er á fullum afköstum hefði kostnaðurinn orðið nokkuð meiri eða um 1.784 m.kr. Ef truflun á sér stað utan reglulegs vinnutíma eru áhrifin minni en ella og áætlað er að kostnaður við klukkustundar straumleysi um helgi að sumri til hafi numið um 758 m.kr. Þessar tölur hafa hækkað verulega frá árinu 1995 vegna þess að notkunin hefur aukist mikið, vinnsluvirði atvinnugreina hefur vaxið hraðar en raforkunotkunin, laun hafa vaxið hraðar en raforkunotkun heimila og verðlag hefur hækkað talsvert á tímabilinu.

Atvinnulíf er breytilegt á milli landshluta hér innanlands og af þeim sökum eru áhrif rafmagnsleysis mismunandi. Samkvæmt þeirri aðferðafræði við útreikninga START hópsins við kostnað vegna raforkuskerðinga, þar sem kostnaður er reiknaður út frá kostnaðarföllum einstakra notkunarflokka niður á einstaka fyrirvaralausar raforkuskerðingar, hefur kostnaður raforkunotenda af rafmagnsleysi vegna fyrirvaralausra truflana í flutnings- og dreifikerfum raforku numið um 1.249 m.kr. á árinu 2024 eða heildarverð um 2.453 kr./kWh og 3.134 kr./kWh ef eingöngu er horft til almennrar forgangsorku. Hafa ber í huga að kostnaður getur verið mjög breytilegur milli ára þar sem ytri aðstæður, svo sem veðurfar, eru breytilegar.

Í töflu 1 hér að neðan sést yfirlit yfir heildarkostnað og skerðingar vegna fyrirvaralausra raforkutruflana almennrar forgangsorku eftir landshlutum á árunum 2020 til 2024 og í töflu 2 sést dreifing þess kostnaðar innan stórnotenda. Til að teljast stórnotandi samkvæmt raforkulögum þarf notandi að nota 80 GWst á ári, eða um 10 MW, á einum og sama staðnum. Stórnotendur tengjast beint við flutningskerfi Landsnets og fá orkuna afhenta þaðan á hárrí spennu.



**TAFLA 1** Heildarkostnaður og skerðingar vegna fyrirvalausra raforkutruflana almennrar forgangsorku eftir landshlutum á árunum 2020 til 2024, kostnaður á verðlagi hvers árs

	2020			2021			2022			2023			2024		
	Skerðing forgangsorku án stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku án stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku án stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku án stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku án stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal
	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh
Suðurnes	19	112	5.753	55	206	3.745	9	22	2.468	92	232	2.516	71	309	4.351
Höfuðborgarsvæði	29	79	2.738	88	179	2.024	118	702	5.957	43	106	2.457	65	181	2.781
Vesturland	74	132	1.773	36	68	1.880	184	383	2.078	18	39	2.201	40	93	2.344
Vestfirðir	143	333	2.327	56	138	2.482	105	278	2.642	47	143	3.064	43	156	3.638
Norðurland	179	321	1.797	63	136	2.142	43	103	2.366	34	104	3.029	33	119	3.574
Austurland	88	170	1.925	44	108	2.451	78	191	2.457	65	133	2.033	25	83	3.352
Suðurland	141	253	1.796	62	126	2.031	163	343	2.103	106	207	1.958	121	305	2.523
<b>ALLS</b>	<b>673</b>	<b>1.398</b>	<b>2.078</b>	<b>405</b>	<b>961</b>	<b>2.375</b>	<b>701</b>	<b>2.022</b>	<b>2.886</b>	<b>406</b>	<b>965</b>	<b>2.378</b>	<b>398</b>	<b>1.247</b>	<b>3.134</b>

**TAFLA 2** Heildarkostnaður og skerðingar vegna fyrirvalausra skerðinga forgangsorku til stórnotenda eftir landshlutum á árunum 2020 til 2024, kostnaður á verðlagi hvers árs

	2020			2021			2022			2023			2024		
	Skerðing forgangsorku til stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku til stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku til stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku til stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal	Skerðing forgangsorku til stórnotenda	Kostnaður	Meðal- tal
	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh	MWh	M.kr.	Kr./kWh
Suðurnes	9	0,1	15,7	0	0	-	8	0,2	19,9	43	0,8	18,2	28	0,5	18,8
Höfuðborgarsvæði	24	1,1	47,3	0	0	-	329	42,8	130,1	130	7,3	56,2	0	0	-
Vesturland	0	0	-	0	0	-	481	66,7	138,5	51	2,9	56,2	56	1,6	28,4
Norðurland	104	8,7	83,6	10	1,5	142,7	319	12,5	39,1	210	4,6	21,8	28	0,2	8,8
Austurland	14	0,5	34	0	0	-	0	0	-	0	0	-	0,006	0,002	395
<b>ALLS</b>	<b>151</b>	<b>10,5</b>	<b>69,0</b>	<b>10</b>	<b>1,5</b>	<b>141,7</b>	<b>1.137</b>	<b>122,1</b>	<b>107,4</b>	<b>434</b>	<b>15,6</b>	<b>35,8</b>	<b>111</b>	<b>2,4</b>	<b>21,1</b>

Í þessari skýrslu er aðeins metinn þjóðhagslegur kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkuskerðinga á forgangsorku en ekki orku sem er skerðanleg skv. samningum við Landsnet. Skerðanlegir samningar kveða á um að skerða megi afhendingu til viðkomandi notanda í truflunum á kerfinu, ef hægt er með því að takmarka áhrif truflunarinnar á afhendingu til notenda með forgangsorku, takmarka skemmdir á búnaði eða ef stöðugleika kerfisins er ógnað.

Skerðing á skerðanlegri orku við fyrirvaralausar truflanir eru þó skráðar sem rekstrartruflanir í raforkukerfinu. Í töflu 3 má sjá samantekt á heildar fyrirvaralausum raforkuskerðingum á skerðanlegri orku á árunum 2015 til 2024 niður á þá landshluta sem hver truflun náði til hverju sinni. Líkt og þar má sjá hafa slíkar truflanir mælst almennt að meðaltali tíðastar á Vestfjörðum en stærstu einstaka skerðingarnar ná til Suðurlands, annars vegar árið 2017 og hins vegar árið 2023. Nánar tiltekið er þar um að ræða um 15.600 MWh raforkuskerðingu er varði í rúma tvo mánuði frá apríl til júní árið 2017 á Suðurlandi og tæplega 41.000 MWh skerðingu frá lok janúar til upphafs ágústmánaðar 2023 einnig á Suðurlandi. Líkt og sjá má í töflu 3 voru skerðingar á skerðanlegri orku við fyrirvaralausar truflanir almennt óvenju litlar á árinu 2024 í samanburði við fyrri ár og mælast í heild þær minnstu í megavattstundum sé horft til einstakra ára á því tímabili sem taflan nær til.

**TAFLA 3** Heildar fyrirvaralausar raforkuskerðingar veitufyrirtækja eftir landshlutum á árunum 2015-2024

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh
Suðurnes	0	-	1	-	-	10	1	3	392	37
Höfuðborgarsvæði	43	0	1	-	-	-	-	-	-	2
Vesturland	203	24	-	0	3	15	31	256	59	2
Vestfirðir	3.560	682	207	510	1.668	1.235	544	343	689	113
Norðurland	158	5	1	2	397	86	3	-	1	4
Austurland	266	6	334	11	44	25	5	105	201	5
Suðurland	570	7	15.785	359	8	302	-	19	40.511	15
<b>ALLS</b>	<b>4.800</b>	<b>725</b>	<b>16.329</b>	<b>882</b>	<b>2.120</b>	<b>1.672</b>	<b>583</b>	<b>725</b>	<b>41.852</b>	<b>178</b>

## EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	7
1 INNGANGUR	15
2 KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM	17
3 KOSTNAÐUR VEGNA RAFORKUSKORTS NIÐUR Á EINSTAKA TRUFLUN	19
4 TILLÖGUR	22
5 NOKKUR DÆMI UM ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ VEGNA SKORTS	33
6 HEIMILDASKRÁ	44
7 ENGLISH SUMMARY	46
VIÐAUKI 1	53

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 5-1</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku alls eftir landshlutum 2020 til 2024 á verðlagi hvers árs. _____	33
<b>MYND 5-2</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku utan stórnotenda 2020 til 2024 á verðlagi hvers árs. _____	34
<b>MYND 5-3</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku hjá stórnotendum 2020 til 2024 á verðlagi hvers árs. _____	34
<b>MYND 5-4</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku utan stórnotenda 2020 - 2024 á verðlagi hvers árs eftir lengd truflana. _____	35
<b>MYND 5-5</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku hjá stórnotendum 2020 - 2024 á verðlagi hvers árs eftir lengd truflana. _____	35
<b>MYND 5-6</b>	Kostnaður vegna fyrirvaralausra raforkutruflana á forgangsorku alls 2020 - 2024 á verðlagi hvers árs eftir mánuðum. _____	36
<b>MYND 5-7</b>	Skipting meðalkostnaðar árið 2024 niður á flokka við einnar stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls. _____	37
<b>MYND 5-8</b>	Skipting meðalkostnaðar árið 2024 niður á flokka við 8 stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls. _____	37
<b>MYND 5-9</b>	Skipting meðalkostnaðar árið 2024 niður á landshluta við einnar stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls. _____	38
<b>MYND 5-10</b>	Skipting meðalkostnaðar árið 2024 niður á landshluta við 8 stunda rafmagnsleysi sem nær til landsins alls. _____	38

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1</b>	Heildarkostnaður og skerðingar vegna fyrirvaralausra raforkutruflana almennrar forgangsorku eftir landshlutum á árunum 2020 til 2024, kostnaður á verðlagi hvers árs _____	9
<b>TAFLA 2</b>	Heildarkostnaður og skerðingar vegna fyrirvaralausra skerðinga forgangsorku til stórnotenda eftir landshlutum á árunum 2020 til 2024, kostnaður á verðlagi hvers árs _____	9
<b>TAFLA 3</b>	Heildar fyrirvaralausar raforkuskerðingar veitufyrirtækja eftir landshlutum á árunum 2015-2024 _____	10
<b>TAFLA 2.1</b>	Áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts sem er metinn út frá hagtolum. Byggt er á tölum úr þjóðhagsreikningum Hagstofu Íslands fyrir árið 2024 og tölurnar bornar saman við niðurstöður frá 1995. _____	18
<b>TAFLA 3.1</b>	Kostnaðarföll stórnotenda raforku í kr./kW _____	19
<b>TAFLA 3.2</b>	Kostnaðarföll fyrirtækja utan stórnotenda í kr./kW _____	19
<b>TAFLA 3.3</b>	Kostnaðarfall heimila í kr./kW _____	19
<b>TAFLA 3.4</b>	Grunnviðmiðunartími upphafs raforkutruflunar _____	20
<b>TAFLA 3.5</b>	Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna mánaðar raforkutruflunar, <i>fK, m</i> _____	20
<b>TAFLA 3.6</b>	Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna vikudags raforkutruflunar, <i>fK, d</i> _____	21
<b>TAFLA 3.7</b>	Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna tíma sólarhrings raforkutruflunar, <i>fK, h</i> _____	21
<b>TAFLA 4.1</b>	Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2024. _____	23

<b>TAFLA 4.2</b>	Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2025. _____	25
<b>TAFLA 4.3</b>	Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2026. _____	27
<b>TAFLA 4.4</b>	Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2027. _____	29
<b>TAFLA 4.5</b>	Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2028. _____	31
<b>TAFLA 5.1</b>	Kostnaður við rafmagnsleysi af mismunandi lengd sem nær til alls landsins árið 2024 skipt niður á meginflokka. _____	39
<b>TAFLA 5.2</b>	Kostnaður við rafmagnsleysi af mismunandi lengd sem nær til alls landsins árið 2024 skipt niður á landshluta. _____	41
<b>TAFLA 5.3</b>	Meðalkostnaður á kWh við rafmagnsleysi af mismunandi lengd árið 2024 eftir landshlutum. _____	42



## 1 INNGANGUR

Í upphafi árs 1986 mynduðu nokkur helstu raforkufyrirtæki landsins ásamt Orkustofnun starfshóp til að koma á skráningu rekstrartruflana og til að vinna að mati á kostnaði notenda vegna rafmagnsleysis (START hópurinn). Skráning rekstrartruflana hefur nú staðið yfir í tæplega fjóra áratugi og liggja því fyrir ítarlegar upplýsingar um truflanir í raforkukerfinu á síðustu árum. Hópurinn hefur einnig unnið nokkrar athuganir á kostnaði vegna skorts. Árið 1996 voru þessar upplýsingar teknar saman og settar voru fram tölur um þennan kostnað sem nota mætti við gerð áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins. Á árinu 2006 var ákveðið að stefna að því að uppfæra þessar tölur á hverju ári og var það gert árlega flest árin 2006-2020, en það féll niður árið 2008 og 2010. Hér kemur síðan útgáfa fyrir árið 2025 og tekur hún mið af rauntölum ársins 2024 sem eru nýjustu gögn sem nú liggja fyrir. Hafa ber í huga þegar þessar tölur eru notaðar að nokkur óvissa er í þeim.

Árið 2020 voru framkvæmdar spurningakannanir um kostnað heimila [1] og stórnotenda [2] vegna raforkuskorts og árið 2022 var lokið við sambærilegar kannanir í öðrum geirum hagkerfisins [3]. Uppfærðar tölur eru hér birtar um kostnað vegna raforkuskorts metnum út frá hverri einstaka fyrirvaralausri truflun innan raforkukerfisins á árunum 2020-2024, byggt á þeim kostnaðarföllum sem reiknuð hafa verið út við mislangar truflanir út frá upplýsingum um kostnað mismunandi notendahópa á raforku, sem aflað var með könnunum. Breyting kostnaðar á milli ára er metin út frá gögnum um vinnsluvirði atvinnugreina skv. þjóðhagsreikningum Hagstofunnar og tölum um árlega raforkunotkun niður á notkunarflokkum innan hvers landshluta.

Segja má að raforka sé ein meginundirstaða nútímaþjóðfélags. Við rafmagnsleysi stoppar mest öll atvinnustarfsemi sem leiðir af sér framleiðslutap og þar af leiðandi tekjutap eða aukin útgjöld við að vinna upp framleiðslutap. Einnig geta orðið skemmdir á hráefni og unninni vöru og aukin vinna af ýmsum ástæðum. Rafmagnsleysi hefur því mismunandi áhrif jafnvel innan sömu atvinnugreinar. Á heimilum eru rafmagnstæki ómissandi og bæði heimilis- og frístundastörf fólks truflast verulega við rafmagnsleysi. Ekki hafa verið fundnar neinar leiðir til að meta kostnað vegna raforkuskorts nákvæmlega en beinar kannanir á kostnaði einstakra fyrirtækja hafa verið einna mest notaðar á undanförunum árum. Slíkar athuganir eru umfangsmiklar og dýrar. Einnig er hægt að meta kostnaðinn lauslega út frá hagtölum en þá fást ekki upplýsingar um það hvernig hann breytist eftir tíma truflunar eða lengd.

Í Starfshópi um rekstratruflanir eiga nú eftirtaldir sæti:

HS Veitur:	Egill Sigmundsson
Landsnet:	Sólveig Helga Guðjónsdóttir
Norðurorka:	Baldur Hólm
Orkubú Vestfjarða:	Ragnar Emilsson
RARIK:	Guðsteinn Fannar Jóhannsson
Umhverfis- og orkustofnun:	Þorsteinn Sigurjónsson
Veitur:	Benedikt Einarsson, formaður
Starfsmaður hópsins:	Ingvar Júlíus Baldursson EFLA

## 2 KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM

Starfshópur um rekstrartruflanir áætlaði á árinu 1989 kostnað vegna raforkuskorts út frá upplýsingum um raforkunotkun greindum niður á notkunarflokkum og út frá hagtölum fyrir einstakar atvinnugreinar sjá [4]. Þessir reikningar hafa síðan verið endurteknir nokkrum sinnum og þá byggt á nýjum tölum um raforkunotkun og nýjum hagtölum sjá [5], [7], [8], [10], [11], [12], [13], [14], [15], [16], [17], [18], [19], [20], [21], [22], [23], [24] og [25]. Nú eru nýjustu gögnin frá 2024. Um er að ræða tölur Hagstofu Íslands um vinnsluvirði einstakra atvinnugreina sem flokkaðar eru eftir ISAT flokkun [6]. Þessi flokkun samræmist ágætlega flokkun raforkunotkunar eftir notkunarflokkum sem Orkustofnun birtir árlega og til samræmis við tölur Hagstofu Íslands verða hér notuð gögn um raforkunotkun fyrir árið 2024.

Í **TÖFLU 2.1** er sýndur áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts samkvæmt þessum reikningum og til samanburðar eru sýndar tölur úr skýrslunni frá 1996 [5]. Þar kemur fram hækkun frá árinu 1995 og er í flestum megin atvinnugreinum metin nokkuð meiri en sem samsvarar vísitölu neysluverðs eins og fram kemur í töflunni. Þetta er vegna þess að landsframleiðsla hefur vaxið hraðar en almenn raforkunotkun. Aukning í opinberri þjónustu er mjög mikil væntanlega vegna þess að útreikningar á vinnsluvirði í eldri skýrslu hafa ekki gefið rétta mynd af þeim þætti. Þessi hækkun er einnig í góðu samræmi við kannanir um kostnað vegna raforkuskorts enda bentu þær til að þessi þáttur væri vanmetinn. Í töflunni hafa niðurstöður verið teknar saman í meginflokkum en í viðauka 1 eru aftur á móti sýndar tölur fyrir einstakar atvinnugreinar.

**TAFLA 2.1** Áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts sem er metinn út frá hagtölum. Byggt er á tölum úr þjóðhagsreikningum Hagstofu Íslands fyrir árið 2024 og tölurnar bornar saman við niðurstöður frá 1995.

MEGINFLOKKUR	REIKNAD VERÐMÆTI	REIKNAD VERÐMÆTI	HÆKKUN 1995-2024
	ORKUNNAR 1993	ORKUNNAR 2024	
	Verðlag 1995	Verðlag 2024	
	Kr./kWh	Kr./kWh	
Heimili	362	1.684	4,65
Landbúnaður	84	302	3,60
Iðnaður	30	48	1,59
Iðnaður án stórnotenda	147	738	5,02
Opinber þjónusta með veitum	43	869	20,21
Viðskipti, handiðnir og ö. þjónusta	276	2.648	9,59
Gagnaver		26	
Annað	41	124	3,01
<b>ALLS án stórnotenda</b>	<b>179</b>	<b>967</b>	<b>5,40</b>
Áliðnaður	1	3,7	3,68
Álþyngnuframleiðsla	2,1*	3,7	1,76*
Kísill og kísilmálmur	2	4,8	2,39
<b>ALLS</b>	<b>92</b>	<b>291</b>	<b>3,16</b>
Vísitala neysluverðs	173,2	627,5	3,62
Byggingarvísitala	203,6	957,9	4,70

\*Í álþyngnuframleiðslu er hér miðað við verðmæti og verðlag 2009 í stað 1993/1995

Í viðauka 1 eru atvinnugreinar flokkaðar samkvæmt ISAT flokkun eins og gert er í töflum um vinnsluvirði. Ekki er talinn neinn kostnaður vegna eigin notkunar rafveitna. Kostnaður sem verður vegna skerðinga hjá veitum sjálfum kemur fram sem kostnaður hjá viðskiptavinum veitnanna (1501-1511). Vatnsveitur (1521) verða yfirleitt ekki af tekjum í rafmagnsleysi þar sem tekjur þeirra eru að mestu innheimtar með sköttum óháð vatnsnotkun. Varðandi rafhitun (1930) er miðað við að hiti fari almennt af húsum við rafmagnsleysi óháð hitunaraðferð og því er hitunin innifalin í mati á heimilisnotkun.

### 3 KOSTNAÐUR VEGNA RAFORKUSKORTS NIÐUR Á EINSTAKA TRUFLUN

Líkt og getið var um í samantekt voru árið 2020 framkvæmdar kannanir á vegum START yfir kostnað vegna raforkuskorts hjá heimilum [1] og stórnotendum [2] og árið 2022 var lokið við úrvinnslu könnunar á kostnaði vegna raforkuskorts hjá fyrirtækjum utan stórnotenda raforku og í opinberri þjónustu [3].

Kostnaður vegna raforkuskorts,  $K_{p,ref}$  gefið hér upp í kr./kW á verðlagi 2020, er reiknaður út fyrir fyrirvaralaus truflun á viðmiðunartímanum á grundvelli kostnaðarfalla. Kostnaðarföll mismunandi notkunarflokkar raforku má sjá í töflu 3.1 til 3.3, þar sem  $t$  er lengd truflunarinnar í klukkustundum.

**TAFLA 3.1** Kostnaðarföll stórnotenda raforku í kr./kW

	< 1 MÍN	≥ 1 MÍN OG < 30 MÍN	≥ 30 MÍN OG < 1 KLST	≥ 1 KLST OG < 1 ½ KLST	≥ 1 ½ KLST OG < 2 KLST	≥ 2 KLST OG < 3 KLST	≥ 3 KLST
Járblendiiðnaður / kísilvinnsla	4	4	4	$4+25*(t-1)$	$4+25*(t-1)$	$4+25*(t-1)$	$54+7*(t-3)$
Áliðnaður	$5+20*t$	$5+20*t$	$15+70*(t-0,5)$	$50+930*(t-1)$	$510+2720*(t-1,5)$	$1870+35070*(t-2)$	36940
Álþynnuvinnsla	40	$40+2400*(t-0,0166)$	$200+55*(t-0,0833)$	$200+55*(t-0,0833)$	$200+55*(t-0,0833)$	$200+55*(t-0,0833)$	$360+4*(t-3)$
Gagnaver	$1+15*t$	$1+15*t$	$1+15*t$	$1+15*t$	$1+15*t$	$1+15*t$	$46+14*(t-3)$

**TAFLA 3.2** Kostnaðarföll fyrirtækja utan stórnotenda í kr./kW

	1 SEK	> 1 SEK OG < 1 KLST	≥ 1 KLST OG < 4 KLST	≥ 4 KLST OG < 8 KLST	≥ 8 KLST
Landbúnaður	474	$474+2183,5*t$	$2657+515,6*(t-1)$	$4204+950,8*(t-4)$	$8008+383,2*(t-8)$
Byggingariðnaður	1538	$1538+7082,5*t$	$8618+1672,3*(t-1)$	$13636+3084,2*(t-4)$	$25974+1243,9*(t-8)$
Matvælaíðnaður	608	$608+2800,7*t$	$3408+661,3*(t-1)$	$5392+1219,6*(t-4)$	$10271+491,5*(t-8)$
Annar iðnaður utan stóriðju	829	$829+3818,4*t$	$4646+901,6*(t-1)$	$7351+1662,7*(t-4)$	$14003+670,1*(t-8)$
Opinber þjónusta	155	$77,5+2031*t$	$\frac{(1685 + 216 * (t - 1)) + (2532 * t)}{2}$	$\frac{(2333 + 1341 * (t - 4)) + (2532 * t)}{2}$	$\frac{(7699 + 83 * (t - 8)) + (2532 * t)}{2}$
Verslun og þjónusta	484	$484+3202,2*t$	$3578+2549,3*(t-1)$	$11335+4692,5*(t-4)$	$30104+3574,1*(t-8)$
Annað	337	$337+1520,5*t$	$1857+2606,3*(t-1)$	$9676+4473,6*(t-4)$	$27570+3130,2*(t-8)$

**TAFLA 3.3** Kostnaðarfall heimila í kr./kW

	< 1 MÍN	≥ 1 MÍN OG < 2 KLST	≥ 2 KLST. OG < 6 KLST	≥ 6 KLST OG < 24 KLST	≥ 24 KLST OG < 72 KLST	≥ 72 KLST
Heimili	321	$160,5+1017*t$	$\frac{(2020 + 1586,2 * (t - 2)) + (1185 * t)}{2}$	$\frac{(8365 + 1372,6 * (t - 6)) + (1185 * t)}{2}$	$\frac{(33073 + 674,2 * (t - 24)) + (1185 * t)}{2}$	$\frac{(65435 + 674,2 * (t - 72)) + (1185 * t)}{2}$

Viðmiðunartími upphafs raforkutruflunar hvers notendahóps í ofangreindum grunnaðstæðum kemur fram í töflu 3.4.

**TAFLA 3.4** Grunnviðmiðunartími upphafs raforkutruflunar

FYRIRTÆKI/STOFNANIR	HEIMILI
Virkur dagur að vetri kl.10:00	Virkur dagur að vetri kl.17:00

Kostnaður ( $K$ ) fyrir fyrirvaralaus truflun á tíma  $j$  er reiknaður með eftirfarandi formúlu:

$$K_j = K_{p,ref}(r) * f_{K,m} * f_{K,d} * f_{K,h} * P_{ref}$$

þar sem:

- $K_j$  = Kostnaður vegna raforkuskorts á tíma  $j$
- $K_{p,ref}(r)$  = Kostnaður í kr./kW vegna raforkuskorts sem varir í tímalengd  $r$  miðað við grunntilvik
- $f_{K,m}$  = Leiðréttingarstuðull vegna mánaðar (í okkar tilfalli hér árstíðar)
- $f_{K,d}$  = Leiðréttingarstuðull vegna vikudags
- $f_{K,h}$  = Leiðréttingarstuðull vegna klukkustundar í sólarhringnum
- $P_{ref}$  = Trufluð aflþörf fyrir ákveðinn notanda miðað við grunntilvik

Leiðréttingastuðullinn  $f_{K,m}$  er gefinn með eftirfarandi gildum fyrir mismunandi notendahópa á mismunandi árstíðum:

**TAFLA 3.5** Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna mánaðar raforkutruflunar,  $f_{K,m}$

MÁNUÐUR	LAND-BÚNAÐUR	BYGGINGAR-IÐNAÐUR	MATVÆLA-IÐNAÐUR	ANNAR IÐNAÐUR UTAN STÓRIÐJU	OPINBER ÞJÓNUSTA	VERSLUN OG ÞJÓNUSTU	STÓRIÐJA	HEIMILI	ANNAÐ
Janúar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Febrúar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Mars	1,05	1,10	1,05	1,05	0,95	0,91	1,00	1,00	0,96
Apríl	1,25	1,20	1,15	1,15	0,80	0,91	1,00	0,95	0,95
Mai	1,25	1,20	1,15	1,15	0,80	0,91	1,00	0,90	0,95
Júní	1,25	1,20	1,15	1,15	0,80	0,91	1,00	0,85	0,95
Júlí	1,25	1,20	1,15	1,15	0,35	0,91	1,00	0,85	0,84
Ágúst	1,25	1,20	1,15	1,15	0,35	0,91	1,00	0,85	0,84
September	1,25	1,20	1,15	1,15	0,35	0,91	1,00	0,90	0,84
Október	1,05	1,10	1,05	1,05	0,95	0,91	1,00	0,95	0,96
Nóvember	1,05	1,10	1,05	1,05	0,95	0,91	1,00	1,00	0,96
Desember	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00

Í þeim tilvikum sem raforkutruflun nær yfir meira en eitt af þeim tímabilum sem talin eru upp í ofangreindri töflu er notast við vegið meðaltal þeirra dagsetninga sem leiðréttingastuðlarnir ná yfir.

Leiðréttingastuðullinn  $f_{K,d}$  er gefinn með eftirfarandi gildum fyrir mismunandi notendahópa á mismunandi vikudögum:

**TAFLA 3.6** Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna vikudags raforkutruflunar,  $f_{K,d}$

VIKUDAGUR	LAND- BÚNAÐUR	BYGGINGAR- IÐNAÐUR	MATVÆLA- IÐNAÐUR	ANNAR IÐNAÐUR UTAN STÓRIÐJU	OPINBER ÞJÓNUSTA	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	HEIMILI	ANNAÐ	STÓRIÐJA
<b>Mánudagur</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
<b>Þriðjudagur</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
<b>Miðvikudagur</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
<b>Fimmtudagur</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
<b>Föstudagur</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
<b>Laugardagur</b>	0,90	0,70	0,47	1,00	0,20	0,94	1,30	0,77	1,00
<b>Sunnudagur</b>	0,85	0,50	0,33	1,00	0,10	0,84	1,30	0,67	1,00

Líkt og með leiðréttingastuðla eftir mánuðum er í þeim tilvikum þar sem raforkutruflun nær yfir fleiri en einn vikudag er notast við vegið meðaltal yfir það tímabil sem viðkomandi leiðréttingastuðlar ná yfir.

Leiðréttingastuðullinn  $f_{K,h}$  er gefinn með eftirfarandi gildum fyrir mismunandi notendahópa á mismunandi tímum sólarhringsins:

**TAFLA 3.7** Leiðréttingastuðlar eftir notkunarflokkum vegna tíma sólarhrings raforkutruflunar,  $f_{K,h}$

TÍMI SÓLARHRINGS	LAND- BÚNAÐUR	BYGGINGAR- IÐNAÐUR	MATVÆLA- IÐNAÐUR	ANNAR IÐNAÐUR UTAN STÓRIÐJU	OPINBER ÞJÓNUSTA	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	HEIMILI	ANNAÐ	STÓRIÐJA
<b>00:00-05:59</b>	0,60	0,50	0,50	0,50	0,15	0,48	0,60	0,42	1,00
<b>06:00-07:59</b>	0,60	0,50	0,50	0,50	0,15	0,48	1,05	0,42	1,00
<b>08:00-08:59</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,05	1,00	1,00
<b>09:00-15:59</b>	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	0,75	1,00	1,00
<b>16:00-20:59</b>	0,90	0,90	0,90	0,90	0,20	0,60	1,05	0,59	1,00
<b>21:00-23:59</b>	0,90	0,90	0,90	0,90	0,20	0,60	0,90	0,59	1,00

Notast er við vegið meðaltal ofangreindra leiðréttingastuðla yfir það tímabil sem viðkomandi raforkutruflun nær yfir ef truflunin varir skemur en 8 klukkutíma.

Kostnaður mismunandi notkunarflokka vegna raforkuskorts er metinn á milli ára út frá grunnárinu 2020 byggt á gögnum um árlegt vinnsluvirði atvinnugreina og tölum um raforkunotkun.

## 4 TILLÖGUR

Út frá þeim kostnaðarföllum sem kynnt voru í kafla 3 hafa tölur um kostnað vegna skorts sem settar voru fram í skýrslu frá 1996 verið uppfærðar [5]. Út frá þeim kostnaðarföllum fást gildi fyrir árið 2024 og þau eru síðan hækkuð miðað við hækkun meðaltalsvísitölu neysluverðs milli árana 2024 og 2025. Er hér miðað við birt gildi fyrir vísitölu neysluverðs í september 2025 og síðustu þrjú mánuðir ársins metnir út frá ársfjórðungslegri verðbólguþá Seðlabankans [7]. Fyrir árin 2026, 2027 og 2028 þarf að áætla hver hækkun neysluverðsvísitölu verður á milli þessara ára og er þá tekið mið af þjóðhagssþá Hagstofunnar [8].

TAFLA 4.1 sýnir kostnað sem hér er lagt til að notaður verði við athuganir á raforkukerfinu í samræmi við það sem rakið er hér að framan. Hafa ber í huga að kostnaður á heimilum getur verið vanáætlaður á rafhitasvæðum vegna þess að notað er meðaltal allra heimila.

Í töflu 4.2 hefur kostnaðurinn verið framreiknaður til verðlags ársins 2025, í töflu 4.3 til verðlags 2026, í töflu 4.4 til áætlaðs verðlags ársins 2027 og í töflu 4.5 til áætlaðs verðlags ársins 2028.

***Hér er lagt til að í öllum almennum útreikningum á kostnaði vegna skorts sé notaður meðalkostnaður við 60 mínútna truflun sbr. lið a) í þessum töflum 4.1 til 4.5. Ef þörf er á ítarlegri reikningum vegna einstakra truflana eru notaðar þær tölur sem við eiga í þessum töflum og töflum 3.1 til 3.7. Þetta er lagt til hér til að einfalda útreikninga á kostnaði.***

Kostnaður notenda vegna rafmagnsleysis er í flestum tilvikum margfalt það verð sem notendur eru að greiða fyrir raforkuna og sem dæmi er meðalkostnaður heimila við stutt rafmagnsleysi tæplega hundrafalt rafmagnsverðið með flutnings- og dreifikostnaði. Ástæða þess að kostnaður er mikill við rafmagnsleysi á heimilum er að fólk getur þá ekki sinnt heimilisstörfum eða því sem það hefur áhuga á að nýta frítíma sinni í. Þetta veldur verulegum óþægindum og líklegt að fólk væri reiðubúið að greiða þó nokkuð til að komast hjá slíkum óþægindum. Algeng leið til að leggja mat á verðmæti slíks tíma sem tapast er að nota tölur um laun (atvinnutekjur) og ganga út frá því að fólk verðmeti tíma sinni í samræmi við þau laun sem það getur fengið greitt fyrir hann. Þegar þessar tölur eru notaðar verður að hafa í huga að veruleg óvissa er í þessu mati en tölurnar hafa verið uppfærðar miðað við þróun meðalráðstöfunartekna skv. Hagstofunni og líkt og framar er getið er hér notast við niðurstöður könnunar sem framkvæmd var árið 2020 um greiðsluvilja heimila til að forðast raforkuskort. Nánari aðferðalýsingu og umfjöllun um niðurstöður þeirrar könnunar má sjá hér [1].

**TAFLA 4.1** Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2024.

a) Meðalkostnaður

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.980	1.470	1.540	1.580
Landbúnaður	3.960	2.580	1.020	970
Iðnaður án stóriðju	8.260	5.380	2.130	2.030
Álver	49	60	11.400	5.700
Kísill og kísilmálmur	17	4	17	12
Álþynnuvinnsla	1.030	310	110	60
Opinber þjónusta	1.860	1.780	1.610	1.670
Gagnaver	41	33	31	30
Verslun og viðskipti	4.610	3.200	2.390	3.310
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.070	3.540	2.330	2.940

b) Kostnaður á virkum degi að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.980	1.470	1.540	1.580
Landbúnaður	4.390	2.860	1.130	1.080
Iðnaður án stóriðju	9.160	5.970	2.360	2.250
Álver	49	60	11.400	5.700
Kísill og kísilmálmur	17	4	17	12
Álþynnuvinnsla	1.030	310	110	60
Opinber þjónusta	2.800	2.530	1.870	2.090
Gagnaver	41	33	31	30
Verslun og viðskipti	5.120	3.580	2.700	2.700
Veitur	0	0	0	0
Annað	6.260	4.370	2.870	3.630

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.440	1.720	1.810	1.880
Landbúnaður	1.760	1.140	450	430
Iðnaður án stóriðju	3.670	2.390	940	900
Álver	49	60	11.400	5.700
Kísill og kísilmálmur	17	4	17	12
Álþynnuvinnsla	1.030	310	110	60
Opinber þjónusta	1.710	1.670	1.570	1.600
Gagnaver	41	33	31	30
Verslun og viðskipti	4.570	3.220	2.440	2.440
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.520	3.150	2.070	2.620

d) Kostnaður á virkum degi að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.810	1.370	1.430	1.470
Landbúnaður	5.050	3.290	1.300	1.240
Iðnaður án stóriðju	10.540	6.870	2.720	2.590
Álver	49	60	11.400	5.700
Kísill og kísilmálmur	17	4	17	12
Álþynnuvinnsla	1.030	310	110	60
Opinber þjónusta	1.970	1.870	1.640	1.720
Gagnaver	41	33	31	30
Verslun og viðskipti	4.620	3.190	2.370	2.370
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.520	3.850	2.530	3.200

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.200	1.590	1.670	1.730
Landbúnaður	2.020	1.320	520	500
Iðnaður án stóriðju	4.220	2.750	1.090	1.030
Álver	49	60	11.400	5.700
Kísill og kísilmálmur	17	4	17	12
Álþynnuvinnsla	1.030	310	110	60
Opinber þjónusta	1.580	1.570	1.540	1.550
Gagnaver	41	33	31	30
Verslun og viðskipti	4.110	2.860	2.140	2.140
Veitur	0	0	0	0
Annað	3.980	2.780	1.830	2.310

**TAFLA 4.2** Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2025.

**a)** Meðalkostnaður

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.070	1.530	1.600	1.650
Landbúnaður	4.130	2.690	1.060	1.010
Iðnaður án stóriðju	8.600	5.610	2.220	2.110
Álver	51	63	11.880	5.940
Kísill og kísilmálmur	18	5	17	13
Álþynnuvinnsla	1.080	320	120	60
Opinber þjónusta	1.930	1.860	1.680	1.740
Gagnaver	43	35	32	31
Verslun og viðskipti	4.800	3.330	2.490	3.450
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.280	3.690	2.420	3.070

**b)** Kostnaður á virkum degi að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.070	1.530	1.600	1.650
Landbúnaður	4.580	2.980	1.180	1.120
Iðnaður án stóriðju	9.550	6.220	2.460	2.340
Álver	51	63	11.880	5.940
Kísill og kísilmálmur	18	5	17	13
Álþynnuvinnsla	1.080	320	120	60
Opinber þjónusta	2.920	2.630	1.940	2.180
Gagnaver	43	35	32	31
Verslun og viðskipti	5.340	3.730	2.810	2.810
Veitur	0	0	0	0
Annað	6.520	4.550	2.990	3.790

**c)** Kostnaður utan vinnutíma að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.540	1.790	1.890	1.960
Landbúnaður	1.830	1.190	470	450
Iðnaður án stóriðju	3.820	2.490	980	940
Álver	51	63	11.880	5.940
Kísill og kísilmálmur	18	5	17	13
Álþynnuvinnsla	1.080	320	120	60
Opinber þjónusta	1.780	1.740	1.640	1.670
Gagnaver	43	35	32	31
Verslun og viðskipti	4.760	3.360	2.540	2.540
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.710	3.290	2.160	2.730

d) Kostnaður á virkum degi að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.890	1.430	1.490	1.540
Landbúnaður	5.260	3.430	1.360	1.290
Iðnaður án stóriðju	10.980	7.150	2.830	2.690
Álver	51	63	11.880	5.940
Kísill og kísilmálmur	18	5	17	13
Álþynnuvinnsla	1.080	320	120	60
Opinber þjónusta	2.050	1.950	1.710	1.790
Gagnaver	43	35	32	31
Verslun og viðskipti	4.810	3.320	2.470	2.470
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.750	4.010	2.640	3.340

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.290	1.650	1.740	1.800
Landbúnaður	2.110	1.370	540	520
Iðnaður án stóriðju	4.390	2.860	1.130	1.080
Álver	51	63	11.880	5.940
Kísill og kísilmálmur	18	5	17	13
Álþynnuvinnsla	1.080	320	120	60
Opinber þjónusta	1.650	1.640	1.600	1.610
Gagnaver	43	35	32	31
Verslun og viðskipti	4.280	2.980	2.230	2.230
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.150	2.900	1.900	2.410

**TAFLA 4.3** Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2026.

a) Meðalkostnaður

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.140	1.590	1.660	1.710
Landbúnaður	4.270	2.780	1.100	1.050
Iðnaður án stóriðju	8.910	5.810	2.300	2.190
Álver	53	65	12.310	6.150
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.120	330	120	60
Opinber þjónusta	2.000	1.930	1.740	1.800
Gagnaver	44	36	33	32
Verslun og viðskipti	4.970	3.450	2.580	3.570
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.470	3.820	2.510	3.180

b) Kostnaður á virkum degi að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.140	1.590	1.660	1.710
Landbúnaður	4.740	3.090	1.220	1.160
Iðnaður án stóriðju	9.890	6.440	2.550	2.430
Álver	53	65	12.310	6.150
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.120	330	120	60
Opinber þjónusta	3.030	2.730	2.010	2.260
Gagnaver	44	36	33	32
Verslun og viðskipti	5.530	3.870	2.910	2.910
Veitur	0	0	0	0
Annað	6.760	4.720	3.100	3.920

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.630	1.850	1.960	2.030
Landbúnaður	1.900	1.240	490	470
Iðnaður án stóriðju	3.960	2.580	1.020	970
Álver	53	65	12.310	6.150
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.120	330	120	60
Opinber þjónusta	1.850	1.800	1.690	1.730
Gagnaver	44	36	33	32
Verslun og viðskipti	4.930	3.480	2.630	2.630
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.880	3.400	2.240	2.830

d) Kostnaður á virkum degi að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	1.960	1.480	1.550	1.590
Landbúnaður	5.450	3.550	1.410	1.340
Iðnaður án stóriðju	11.380	7.410	2.930	2.790
Álver	53	65	12.310	6.150
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.120	330	120	60
Opinber þjónusta	2.120	2.020	1.770	1.860
Gagnaver	44	36	33	32
Verslun og viðskipti	4.990	3.440	2.560	2.560
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.960	4.160	2.730	3.460

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.370	1.710	1.800	1.860
Landbúnaður	2.180	1.420	560	540
Iðnaður án stóriðju	4.550	2.960	1.170	1.120
Álver	53	65	12.310	6.150
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.120	330	120	60
Opinber þjónusta	1.710	1.690	1.660	1.670
Gagnaver	44	36	33	32
Verslun og viðskipti	4.440	3.090	2.310	2.310
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.300	3.000	1.970	2.500

**TAFLA 4.4** Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2027.

a) Meðalkostnaður

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.200	1.630	1.700	1.760
Landbúnaður	4.380	2.860	1.130	1.080
Iðnaður án stóriðju	9.150	5.960	2.360	2.240
Álver	55	67	12.630	6.310
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.140	340	120	60
Opinber þjónusta	2.060	1.980	1.780	1.850
Gagnaver	45	37	34	33
Verslun og viðskipti	5.100	3.540	2.640	3.670
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.620	3.920	2.580	3.260

b) Kostnaður á virkum degi að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.200	1.630	1.700	1.760
Landbúnaður	4.870	3.170	1.250	1.190
Iðnaður án stóriðju	10.150	6.610	2.620	2.490
Álver	55	67	12.630	6.310
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.140	340	120	60
Opinber þjónusta	3.110	2.800	2.070	2.320
Gagnaver	45	37	34	33
Verslun og viðskipti	5.670	3.970	2.990	2.990
Veitur	0	0	0	0
Annað	6.930	4.840	3.180	4.020

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.700	1.900	2.010	2.080
Landbúnaður	1.950	1.270	500	480
Iðnaður án stóriðju	4.060	2.640	1.050	1.000
Álver	55	67	12.630	6.310
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.140	340	120	60
Opinber þjónusta	1.890	1.850	1.740	1.780
Gagnaver	45	37	34	33
Verslun og viðskipti	5.060	3.570	2.700	2.700
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.000	3.490	2.300	2.900

d) Kostnaður á virkum degi að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.010	1.520	1.590	1.630
Landbúnaður	5.600	3.650	1.440	1.370
Iðnaður án stóriðju	11.670	7.600	3.010	2.860
Álver	55	67	12.630	6.310
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.140	340	120	60
Opinber þjónusta	2.180	2.070	1.820	1.900
Gagnaver	45	37	34	33
Verslun og viðskipti	5.120	3.530	2.620	2.620
Veitur	0	0	0	0
Annað	6.110	4.270	2.810	3.550

e) Kostnaður utan vinnutíma að sumri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.440	1.760	1.850	1.910
Landbúnaður	2.240	1.460	580	550
Iðnaður án stóriðju	4.670	3.040	1.200	1.150
Álver	55	67	12.630	6.310
Kísill og kísilmálmur	19	5	18	13
Álþynnuvinnsla	1.140	340	120	60
Opinber þjónusta	1.750	1.740	1.700	1.710
Gagnaver	45	37	34	33
Verslun og viðskipti	4.550	3.170	2.370	2.370
Veitur	0	0	0	0
Annað	4.410	3.080	2.020	2.560

**TAFLA 4.5** Áætlaður kostnaður vegna rafmagnsleysis. Kostnaður í hlutfalli við skerta orku og á verðlagi ársins 2028.

a) Meðalkostnaður

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.250	1.670	1.740	1.800
Landbúnaður	4.490	2.930	1.160	1.100
Iðnaður án stóriðju	9.370	6.110	2.420	2.300
Álver	56	69	12.940	6.470
Kísill og kísilmálmur	20	5	19	14
Álþynnuvinnsla	1.170	350	130	70
Opinber þjónusta	2.110	2.020	1.830	1.890
Gagnaver	46	38	35	34
Verslun og viðskipti	5.230	3.630	2.710	3.760
Veitur	0	0	0	0
Annað	5.760	4.020	2.640	3.340

b) Kostnaður á virkum degi að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.250	1.670	1.740	1.800
Landbúnaður	4.990	3.250	1.290	1.220
Iðnaður án stóriðju	10.400	6.780	2.680	2.550
Álver	56	69	12.940	6.470
Kísill og kísilmálmur	20	5	19	14
Álþynnuvinnsla	1.170	350	130	70
Opinber þjónusta	3.180	2.870	2.120	2.380
Gagnaver	46	38	35	34
Verslun og viðskipti	5.820	4.070	3.060	3.060
Veitur	0	0	0	0
Annað	7.110	4.960	3.260	4.120

c) Kostnaður utan vinnutíma að vetri

FLOKKUR	LENGD RAFMAGNSLEYSIS			
	15 mín. kr./kWh	60 mín. kr./kWh	240 mín. kr./kWh	480 mín. kr./kWh
Heimili	2.770	1.950	2.060	2.140
Landbúnaður	2.000	1.300	510	490
